

Aðalfundur HÍN!

Boðað er til aðalfundar Hins íslenska náttúrufræðifélags laugardaginn 27. febrúar 2010 kl. 14:00 í Safnahúsinu, fundarsal Náttúrufræðistofu Kópavogs að Hamraborg 6a, Kópavogi.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Fundarsetning.
2. Skýrsla stjórnar HÍN fyrir árið 2009.
3. Reikningar HÍN fyrir árið 2009.
4. Skýrslur fulltrúa HÍN í opinberum nefndum fyrir árið 2009.
5. Tillögur til ályktunar.
6. Kjör formanns, stjórnarmanna og embættismanna félagsins.
7. Önnur mál.
8. Fundarslit.

Ljóst er að töluverð endurnýjun mun verða á stjórn félagsins í kjölfar aðalfundarins. Kristín Svavarsdóttir, sem gegnt hefur formennsku í átta ár, mun láta af störfum og einnig hafa tilkynnt brotthvarf úr stjórn þau Droplaug Ólafsdóttir, sem starfað hefur fyrir félagið í átta ár, og Helgi Guðmundsson sem þjónað hefur félaginu hátt í tvo áratugi. Premeningunum eru færðar bestu þakkir fyrir dygga þjónusta í þágu félagsins.

Kaffiveitingar verða í boði. Allir eru velkomnir!

Hið íslenska náttúrufræðifélag
Afgreiðsla: Náttúrufræðistofa Kópavogs - Hamraborg 6a, IS-200 Kópavogur
Sími: 570 0433
Netfang: hin@hin.is
Heimasíða: hin.is
Ábm. og ritstj. félagsbréfs: Hilmar J. Malmquist, ritari HÍN



Félagsbréf

1. tölublað

Janúar 2010

35. árgangur

Hið Nýja Ísland!

Athygli er vakin á breytingu á næsta fræðsluerindi HÍN sem verður haldið **mánudaginn 25. janúar 2010**. Af óviðráðanlegum ástæðum fellur niður áður auglýst erindi Rannveigar Guicharnaud, en í skarðið hleypur dr. Haukur Jóhannesson, jarðfræðingur hjá Íslenskum orkurannsóknnum, og flytur erindi sem hann nefnir því áhugaverða nafni „**Nýja Ísland: Ný sýn á jarðfræði Íslands**“.

Jafnframt er vakin athygli á þeim ánægulegu tíðindum að félagið hefur **endurheimt fundaraðstöðuna í stofu 132 í Öskju**, húsi náttúrufræðinga við Háskóla Íslands. Erindi Hauks um hið Nýja Ísland verður því haldið í **stofu 132, Öskju**, mánudaginn 25. janúar n.k. og hefst **kl. 17:15**.

HÍN vill nota tækifærið og þakka Menntaskólanum við Sund kærlega fyrir endurgjaldslaus afnot af fyrirlestrarsal skólans á síðasta ári.

Þar næsta fræðsluerindi HÍN verður haldið mánudaginn 22. febrúar, en þá mun dr. Sigurður Reynir Gíslason jarðefnafræðingur við Raunvísindastofnun H.Í. flytja erindi sem hann nefnir „Binding kolefnis í bergi.“

Aðgangur að fræðsluerindum HÍN er ókeypis og öllum heimill.

„Nýja Ísland: Ný sýn á jarðfræði Íslands“

Ágrip af erindi dr. Hauks Jóhannessonar, jarðfræðings hjá Íslenskum orkurannsóknnum (Ísor). Fræðsluerindi HÍN, mánudaginn 25. janúar 2010.

Fyrirlesturinn fjallar um sögu gosbeltaflutninga á Íslandi og í honum eru settar fram hugmyndir um að gosbeltaflutningar hafi verið 5 eða 6 á síðustu 16 m. árum en ekki tvisvar eins og talið hefir verið. Hvert gosbelti er virkt í tiltölulega skamman tíma, 2-4 milljónir ára, en færir sig svo um set. Samhverfur sem fylgja slíkum gosbeltum eru flestar grafnar undir yngri jarðmyndunum frá yngri gosbeltum og á því er aðeins ein undantekning en það er hið forna Snæfellsnesgosbelti.

Farið er yfir jarðsögu Íslands í nýju ljósi og uppbyggingu landsins. Sprungukerfi eru flóknari en talið var, einkum á vesturflekanum og augljóst að mörg þeirra eru enn virk. Flest þessara sprungukerfa eru leifar gamalla sniðgengiskerfa sem fylgdu fyrri gosbeltaflutningum. Yfirborðsjarðhitinn fylgir sprungukerfunum eins og skugginn sem gefur til kynna að kerfin séu enn virk. Þar liggur líklega skýringin á því að mikill jarðhiti er á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi en lítill á Austurlandi.

Í þessari úttekt er fundin skýring á meiri háttar rofmislægjum og setlagabunkum sem lengi hafa valdið mönnum heilabrotum. Einnig bendir ýmislegt í efnafræði heits vatns til að kvika sé tiltölulega grunnt undir Vestfjörðum. Þegar litið er á sprungukerfin læðist að manni sá grunur að huga þurfi að skjálftahættu á vestanverðu landinu í þessu nýja ljósi.“

Dr. Haukur Jóhannesson varð stúdent frá MR 1968, B.Sc. í jarðfræði frá Háskóla Íslands 1972 og Ph.D. í jarðfræði frá Durham-háskóla á Englandi 1975.

Afmælisfundur HÍN

Vel tókst til með afmælisfund HÍN sem haldinn var í Þjóðmenningarhúsinu mánudaginn 28. desember síðastliðinn í tilefni af 120 ára afmæli félagsins. Yfirskrift fundarins var „Náttúruminjasafn Íslands – hvernig safn viljum við eignast?“

Á fundinn mættu tæplega 100 manns og hlýddu á vönduð og áhugaverð framsöguerindi valinkunnra fræði- og forstöðumanna: um „Íslandssafn“ í flutningi Guðmundar Páls Ólafssonar náttúrufræðings og rithöfundar; um „Samtíð og framtíð Náttúruminjasafns Íslands“ í flutningi Sigurjóns Baldurs Hafsteinssonar lektors í safnafræði við HÍ, og um gagnkvæm tengsl ferðaþjónustu og náttúru Íslands í flutningi Ólafar Ýrr Atladóttur ferðamálastjóra. Formaður HÍN, Kristín Svavarsdóttir, flutti hátíðarræðu og rakti í meginmáli sögu félagsins og baráttu fyrir safnaaðstöðu. Góður rómur var gerður að málflutningi ræðumanna. Stefnt er að því að birta erindi framsögumanna á vef HÍN (hin.is) og í Náttúrufræðingnum.

Í pallborðsumræðum mættu til leiks, þrátt fyrir mikið annríki vegna Icesave málsins, þær Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra og Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra, ásamt þeim Ásborgu Arnþórsdóttur ferðamálafulltrúa í uppsveitum Árnessýslu, Eygló Friðriksdóttur skólustjóra Sæmundarskóla, Helga Torfasyni safnstjóra Náttúruminjasafns Íslands og Jóni G. Ottóssyni forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands. Hilmar J. Malmquist ritari HÍN stýrði umræðunum sem voru gagnmerkar.

Í máli mennta- og menntamálaráðherra kom m.a. fram að nefnd er starfandi um lausn á húsnaðisvanda Náttúruminjasafnsins og að vænta megi niðurstöðu á vori komandi.

Stjórn HÍN vonast til þess að afmælisfundurinn hafi vakið ráðamenn til dáða í þessu brýna þjóðþrifamáli og, ekki síður, að hann hafi orðið náttúrufræðingum og öðrum hvatning til að hlúa að uppbyggingu Náttúruminjasafns sem sómi er að. Látum ekki aðra öld líða hjá!